

Sp.

200. Tillaga til þingsályktunar

[112. mál]

um ráðstöfun niðursuðuverksmiðju í Ólafsfirði.

Flm.: Magnús Jónsson, Bernharð Stefánsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að ráðstafa sem allra fyrst niðursuðuverksmiðju þeirri, sem ríkið á í Ólafsfjarðarkaupstað, á þann hátt, er horfi til aukningar atvinnu og bættrar afkomu Ólafsfirðinga.

Greinargerð.

Meðal ráðstafana þeirra, sem gerðar voru eftir síðustu heimsstyrjöld til eflingar atvinnulífi og aukningar framleiðslutækja landsmanna, var bygging fullkominnar niðursuðuverksmiðju í Ólafsfirði. Voru miklar vonir tengdar við þetta mynderlega fyrirtæki, enda því haldið fram af ýmsum sérfróðum mönnum, að niðursuða sjávarafurða mundi framtíðaratvinnugrein í landi voru. Þetta hefur því miður farið á annan veg, hverjar sem orsakirnar kunna að vera. Í stað þess að niðursuðuverksmiðjan yrði lyftistöng fyrir atvinnulífið í Ólafsfirði, hefur bærinn orðið að leggja fram mikið fé vegna verksmiðjunnar, en starfræksla hennar verið mjög lítil. Hafa ítrekaðar tilraunir verið gerðar til að reka verksmiðjuna, en þær jafnan farið út um þúfur, bæði vegna fjárskorts og erfiðleika á að selja framleiðsluvörurnar. Hlutfélag var fyrir nokkru stofnað um verksmiðjuna til þess að létta útgjöldum af bæjar-sjóði, en ekki tókst að heldur að fá traustan starfsgrundvöll undir fyrirtækið, og urðu endalok þau, að verksmiðjan var á s. l. vori seld á nauðungarupphóði og lögð ríkissjóði út sem ófullnægðum veðhafa. Engar ákvarðanir munu enn hafa verið teknar um ráðstöfun verksmiðjunnar, og stendur þessi myndarlega bygging með fullkomnum vélakosti ónotuð. Ber brýna nauðsyn til, að svo verði ekki lengur, því að atvinnuþörf er mikil í Ólafsfirði. Æskilegast væri auðvitað, að hægt væri að reka verksmiðjuna áfram sem upphaflega var ætlað, en önnur afnot gætu einnig komið til greina. Telja flutningsmenn þessarar tillögu ekki mega dragast lengur að gera ráðstafanir til, að fyrirtæki þetta verði hagnýtt til eflingar atvinnulífi Ólafsfirðinga.